

236. fundur - 12. maí 2005

Fundur settur kl. 15:10. Mættir eftirtaldir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Áslaug Guttormsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir. Þórður Jónsson ekki mættur.

Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti setti fundinn og las dagskrá. Sveitarstjóri lagði fram sex mál undir liðnum “önnur mál.” Samþykkt að bæta þeim við. Oddviti lagði enn fremur fram fundargerð minka- og refanefndar frá 12. maí og var samþykkt að ræða hana með öðrum fundargerðum nefndarinnar.

Egill lagði fram tvö mál til viðbótar og var samþykkt að bæta þeim við.

Var nú gengið til dagskrár. Þetta gerðist:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 235. fundar. Hann vakti athygli á því að enn væri ósvarað erindi Reykhólahrepps varðandi gjaldskrá Hitaveitu Reykhóla, þrátt fyrir að Orkubúi Vestfjarða hefði verið send ítrekun. Í ársreikningi Orkubúsins 2004 kemur fram að víkjandi lán að upphæð kr. 28.429.000,- sem til varð vegna kaupa Orkubúsins á Hitaveitu Reykhóla hefur verið fellt niður og strikað út úr reikningum Orkubúsins á árinu 2004.
- 2) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 19. apríl. Samþykkt.
- 3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 26. apríl 2005. Oddviti kynnti á fundinum tilboð í stóla og borð frá Páli Stefánssyni, enda verður íþróttahúsið einnig notað sem samkomuhús. Fundargerð samþykkt.
- 4) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 27. apríl. Fundargerð samþykkt.
- 5) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 28. apríl 2005. Fundargerð samþykkt.
- 6) Fundargerðir minka- og refanefndar frá 29. apríl, 1. maí og 12. maí. Fundargerðir samþykktar.

Erindi til afgreiðslu

- 1) Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir árið 2004. Síðari umræða. Reikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.
- 2) Uppbygging á brunni í Flatey, erindi frá Baldri Ragnarssyni, Byggðarenda í Flatey. Baldur óskar eftir umráðum yfir svokölluðum frystihússbrunni í Flatey. Sveitarstjóra falið að afla gagna um málið og heimila Baldri afnot af brunnum ef unnt er.
- 3) Auglýsingar og kostun í skólum, erindi frá stjórn Heimilis og skóla. Vísað til skólastjóra.
- 4) Niðurstöður útboðs á verkinu “Reykhólar-safnæð vatnsveitu” en tilboð voru opnuð 3. maí. Samþykkt að ganga til samninga við lægstbjóðanda í verkið, Sandblástur ehf.

Lagt fram til kynningar

- 1) Verksamningur við Rannsóknarstofnun háskólans á Akureyri um gerð skýrslu um vegabætur á Vestfjörðum, mat á samfélagsáhrifum og arðsemi.
- 2) 57. og 58. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerðir.
- 3) Leyfi til flutnings á hálmi úr Dalasýslu í Austur-Barðastrandarsýslu, tilkynning frá yfirdýralækni.
- 4) Ályktun stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgönguáætlun 2005-2008.
- 5) Umsögn sveitarstjóra Reykhólahrepps um samgönguáætlun 2005-2008.
- 6) Niðurstöður gerlarannsóknna á neysluvatnssýnum sem tekin voru á vegum heilbrigðiseftirlits Vestfjarða á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi 14. apríl. Vatnið stóðst gæðakröfur.
- 7) Bréfaskipti Reykhólahrepps og landbúnaðarráðuneytis í febrúar og apríl varðandi málefni Reykhólajardar.

Önnur mál

- 1) Ágóðahlutagreiðsla EBÍ (Brunabót) 2005. Greiðslan er kr. 1.449.000,-. Samþykkt að verja þessari fjárhæð til þess að efla brunavarnir í Reykhólaskóla.
- 2) Tilnefning sveitarstjórnar Dalabyggðar í samstarfsnefnd um sameiningu Dalabyggðar, Saurbæjar- og Reykhólahrepps. Dalabyggð tilnefnir Þorstein Jónsson oddvita og Gunnólf Lárusson aðstoðarmann sveitarstjóra. Tekið er fram að sveitarstjórn Dalabyggðar leggi áherslu á að annað hvort fulltrúi úr Reykhólahreppi eða Saurbæjarhreppi fari með formennsku í nefndinni.
- 3) Uppstoppaður haförn á hlunnindasýningu, tilboð frá KB-banka. Fyrir liggur leyfi til að lána hreppnum örninn í júní, júlí og ágúst.
- 4) Væntanleg heimsókn umhverfisráðherra í Reykhólahrepp 6. júní. Ekki er enn búið að fastákveða þessa dagsetningu, en góðar líkur á að af henni verði. Breiðafjarðarnefnd mun einnig verða á svæðinu.
- 5) SPA-fyrirlestur á Reykhólum 17. maí, en þá mun dr. Janka Zalesakova halda fyrirlestur um möguleika Reykhóla á uppbyggingu heilsuhótels.

- 6) NORCE-skýrsla, Færeyjaför Sigurbjargar Danielsdóttur. Sigurbjörg var í Færeyjum frá 27. apríl til 2. maí, en þar var fundur í svokölluðu strandmenningarverkefni.
- 7) Rætt um hvað gera skuli við gömul leiktæki sem búið er að taka niður á leikvelli sveitarfélagsins. Samþykkt að auglýsa þau til sölu.
- 8) Rætt um gerð íþróttavallar við Reykhólaskóla. Talið hagkvæmt að sá í völinn.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:55

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)